

Staða og líðan samkynhneigðra stúdenta við Háskóla Íslands

Samantekt Jóhanns Wium MA nema í sálfræði á könnun sem gerð var á vegum jafnréttisnefndar á árinu 2004. Hægt er að nálgast skýrsluna hjá jafnréttisfulltrúa HÍ.

Árið 2004 var kynnt könnun á vegum Jafnréttisnefndar HÍ um stöðu og líðan STK nemenda innan HÍ. Könnunin tók til málefna allt frá mismunun af hálfu kennara til skoðana um hvað háskólar gætu gert betur fyrir STK nemendur.

Allar kannanir sem leitast við að fá upplýsingar um þennan einstaka hóp fólks – fólks sem getur haft ekkert annað sameiginlegt en aðlöðun að sama kyni – standa frammi fyrir einstökum aðferðafræðilegum vandræðum. Varla getur maður beðið STK nemendur að koma í lok tíma og svara spurningalista. Kynhneigð er afskaplega persónulegur og tilfinningatengdur hlutur og því ber að koma að málum með nærgætni.

Við brugðum á það ráð að hafa opinn spurningalista á netinu sem hver sem er gæti svarað nafnlaust og kynntum listann á atburðum í boði FSS og Samtakanna. En er sá hópur sem mætir á slíka atburði dæmigerður fyrir alla homma, lessur og tvíkynhneigða í háskólanum? Til að vega upp á móti því reyndum við einnig að taka viðtal við fólk sem var ekki endilega einskorðað af þessum hópi.

Því miður tókst ekki nægilega vel að fá nemendur sem voru enn “í skápnum” til að taka þátt. Samkvæmt öllum hefðbundnum rannsóknum líður slíkum nemendum mun verr en jafnöldrum sínum sem fara opinskátt með kynhneigð sína. Þannig að niðurstöður rannsóknarinnar eru líklegri til að sýna of “bjartsýna” mynd af stöðu mála en raun ber vitni.

Við fengum góða svörun á spurningalistanum, hátt í 50 svarendur, sem miðað við stærð úrtaksins og viðkvæms eðlis spurninganna, var frekar gott. Viðtölin við einstaka þátttakendur voru mjög hreinskilin og tóku á málefnum sem að einfalt spurningalista snið hefði aldrei náð að kanna.

Til að stikla á stóru þá gáfu þessar kannanir okkur góða hugmynd um hvernig líðan þessarra nemenda var. Eins og aðrir STK hópar eru sam- og tvíkynhneigðir nemendur líklegri til að þjást af þunglyndi og kvíða – enn meira á meðan að viðkomandi er ennþá inni skápnum. 53,6% þátttakanda sögðu að kynhneigð hafði haft einhver neikvæð áhrif, bein eða óbein, á nám þeirra í háskóla. Hvernig þessi áhrif komu fram, hinsvegar, var mismunandi. Hér að neðan er tafla sem sýnir hve stórt hlutfall þátttakanda sögðust hafa glímt við ákveðin vandamál á meðan þau voru við háskólanám.

37,5%	Einbeitingarskortur
33,9%	Aukinn streita
30,4%	Aukið kvíða
23,2%	Valdið þunglyndi
21,4%	Haft áhrif á samskipti við samnemendur

17,9%	Haft áhrif á einkunnir & verkefnaskil
16,1%	Ofneysla áfengis
16,1%	Hugleiddu sjálfsvíg
7,1%	Haft áhrif á samskipti við kennara
1,8%	Ofneysla annarra vímuefna

Tafla 1. Neikvæðar afleiðingar hjá STK nemendum.

Almennt vildu nemendur að háskólinn hefði meiri úrræði í boði fyrir STK nemendur sem annað hvort fundust vera dragast aftur úr námi eða voru að leita að einhverskonar fræðslu. En engu að síður virðist vera lítil bein mismunum gegn STK nemendum og þátttakendum fannst ekki eins og þeir væru fyrir aðkasti nemanda eða starfsmanna innan HÍ.

Þegar spurt var hverjir ættu að sjá um fræðslu um STK málefni innan háskólans svöruðu 96.7% að það ætti að vera FSS. Því vaknar sú spurning hvort FSS ætti að setja á laggirnar sérstaka ráðgjöf til STK nemenda, þar sem að nemendur virðast finnast óþægilegt að leita til Námsráðgjafar með slík persónuleg vandamál.

En miðað við að meirihluti þátttakanda sögðu að kynhneigð þeirra hafði neikvæð áhrif á nám þeirra og að meiri ráðgjöf ætti að vera í boði frá HÍ þá er greinilegt að við eigum þó nokkuð í land til að vinna að þörfum sam- og tvíkynhneigðra innan háskólasamfélagsins.

Jóhann Wíum
MA-nemi í sálfræði við New York University